

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/526
komudagur 7.12. 2004

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði. Sími: 450 3000. Fax: 450 3085. GSM: 892 2259. Tölvupóstfang: fsv@snerpa.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 6. desember 2004

**Efni: Umsögn um mál nr. 235 frá Umhverfisnefnd Alþingis.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,
og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.
Stjórnarfrumvarp.**

Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir á að fyrirlagt frumvarp gæti falið í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin sem rétt væri að benda á í fylgiskjölum með frumvarpinu. Sambandið gerir einnig athugasemd við 3 grein laganna lið m og n – varðar umsagnaraðila. Sambandið telur ekki rétt að binda málskotsrétt og kærur við þá sem hafa annars vegar lögvarða hagsmuna að gæta og hins vegar við sérstök umhverfissamtök, sem þurfa að gefa út ársskýrslur og hafa endurskoðað bókhald. Málskotsrétturinn ætti að vera tiltölulega almennur að mati sambandsins.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson